

Sagafilm ehf.
Urðarhvarf 14
203 Kópavogur

Reykjavík, 28. ágúst 2020
UST202008-172/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Sagafilm ehf., dagsett 21. ágúst 2020, um leyfi til kvikmyndatöku í Dyrhólaey.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Almennungi er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að taka upp manneskju tjalda í Dyrhólaey þann 2. september 2020. Áætlað er að tókur taki um 3 tíma og munu 20 starfsmenn koma að verkefninu. Öllum farartækjum verður lagt á bílastæðum og gengið á tókustað. Setja þarf upp ljósabúnað ásamt því að festa niður tjaldið.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og lífríki svæðisins. Varpi er lokið en fýls ungar og pysjur eru enn þá í hreiðrum og holum. Sótt er um leyfi til að fara með 20 manns á lokað svæði sem heitir Tóin. Tó er lokuð vegna óstöðugra bergklappa, grjóthruns og endurheimt gróðurs. Talið er að 20 manna teymi og uppsetning búnaðar gæti haft neikvæð áhrif á gróður svæðisins en það fer eftir ástandi svæðisins og hvort jarðvegurinn er blautur hversu mikil áhrifin verða. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir truflun á meðan verkefni stendur þar sem þeim er bannað að fara í Tó en það er afar eftirsóknarvert svæði.

Niðurstaða:

Það er mat Umhverfisstofnunar að ekki sé hægt að veita leyfi fyrir verkefninu eins og það er sett upp enda stríðir það gegn þeim reglum sem eru á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á svæðið og sé slæmt fordæmi fyrir gesti náttúruverndarsvæða. Að auki getur myndefni frá Tóni virkað sem hvatning til náttúruspjalla og aukið umferð fólks út á Tó sem skapar óæskilegar aðstæður fyrir náttúru og hættu fyrir gesti. Á síðustu árum hefur hrunið talsvert úr bjarginu og brúnir bjargsins eru óstöðugar, óráðlegt er að fólk fari nálægt brúnum bjargsins og gæta þarf að engar óþarfa ferðir séu út á Tó.

Ákvörðunin er kæránleg til Umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndalaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald:


Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðstjóri



Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur

